



NÝIR STARFSMENN Í LEIKSKÓLANUM ÁLFABORG

Í apríl hófu þrír nýir starfsmenn störf við leikskólann Álfaborg. Þetta eru þær Margrét Jensína Þorvaldsdóttir, leikskólastjóri, Hanna Sigurjónsdóttir, leikskólakennari og Svetlana Beliaeva, leiðbeinandi. Hanna og Svetlana eru búsettar í sveitarfélaginu, Margrét Jensína hefur verið búsett á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár en er nú flutt aftur til Akureyrar. Allar þrjár eru þær góð viðbót við öflugan hóp starfsmanna. Tveir starfsmenn eru á leið eða komnir í fæðingarorlof og mörg verkefni sem bíða nýrra starfsmanna og nýs stjórnanda. Við, starfsmenn Svalbardsstrandarhrepps, bjóðum þær hjartanlega velkomnar til okkar og óskum þeim velfarnaðar í starfi.



STARF UMSJÓNARKENNARA

Auglýst hefur verið laus staða umsjónarkennara við Valsárskóla. Upplýsingar um starfið má finna á heimasíðu sveitarfélagsins www.svalbardsstrond.is og er ráðið í starfið til eins árs, með möguleika á framlengingu. Umsóknarfrestur er til 30. apríl 2020.



NÆSTU RUSLADAGAR

- 16. apríl - Endurvinnsla og almennt/lífrænt sörp
- 30. apríl - Almennt/lífrænt sörp
- 14. maí - Endurvinnsla og almennt/lífrænt sörp

UMHVERFISDAGUR 23. MAÍ

Á fundi umhverfis- og atvinnumálanefndar Svalbarðsstrandarhrepps, 10. mars 2020 var ákveðið að Umhverfisdagur Svalbarðsstrandarhrepps yrði haldinn laugardaginn 23. maí. Dagurinn verður með hefðbundnum hætti en gert er ráð fyrir að honum ljúki á gámasvæðinu með grillveislu. Vonandi verður Víðir búinn að samþykkja veislur eins og þessa og við sjáumst hress og kát 23. maí, tilbúin til þess að hreinsa umhverfið okkar.



GÁMASVÆÐIÐ

Á síðasta ári var skrifað undir samning við nýjan þjónustuaðila, TERRA um sorphirðu í Svalbarðsstrandarhreppi. Hér fylgir yfirlit yfir þau viðmið sem hafa þarf í huga við flokkun sorps og á heimasíðu fyrirtækisins er að finna ýtarlegar upplýsingar: <https://www.terra.is/static/files/et-flokkun-a4-terra.pdf>

Á næstu vikum eiga notendur eftir að verða varir við breytingar á gámasvæðinu og sumar þeirra hafa þegar litið dagsins ljós og trufla suma notendur. Það er viðbúið að það taki tíma að venjast þeirri uppröðum gáma sem nú er í gildi en við viljum biðja notendur um að fylgjast með þeim merkingum sem er að finna á svæðinu um leið og við lofum betri merkingum á næstu vikum. Í undirbúningi er að stýra aðgangi að svæðinu og setja meiri kröfur á notendur um að flokka sorpið rétt. Rúmdýnur eiga t.d. varla heima í járnagámi svo dæmi sé tekið. Í byrjun júní verður vonandi komin mynd á það fyrirkomulag sem verður á gámasvæðinu, merkingar orðnar betri og allt gert til þess að auðvelda notendum að losa sig við sorpið á rétta staði.

Endurvinnslutunнан

The Recycle Bin

Kosz sortowniczy

- Eftirfarandi flokka má setja lausa í Endurvinnslutunnuna eða í glærum pokum:
- The Recycle Bin accepts the following materials directly to the bin or in clear plastic bags:
- Następujące rzeczy do sortowania proszę wrzucać luzem lub w przezroczystych workach:

Flokkur Category / Rodzaj	Dagblöð og tímarit Newspapers & magazines Gazety i czasopisma	Pappír Office paper Papier biurowy	Sléttur pappi/ bylgjupappi Cardboard & non corrugated cardboard Kartony	Málmumbúðir Metal packaging Opakowania metalowe	Plastumbúðir Plastic packaging Opakowania plastykowe	Fernur Beverage cartons Kartony po mleku
Hráefni Raw material / Surowce	Dagblöð og tímarit. Newspapers & magazines. Gazety i czasopisma.	Bæklingar, umslög og ruslpóstur. Office paper/envelopes & junk mail. Papier biurowy, koperty i papiery pocztowe, czasopisma reklamowe.	S.s. hreinir pizzukassar og morgun-kassapakkur. Cardboard & non corrugated cardboard. Clean pizza boxes.	S.s. skolaðar niðursuðudósir og lok af glerkrökkum. For example cans & jar lids. Puste puszki, zakrętki od stoików.	S.s. brúsar, plastfíla, plastdósir, plastpokar, frauðplast, plast utan af áleggi og plastóskjur. Plastic emballage, bags. Plastyczne opakowania po żywności i steropianowe.	S.s. mjólkurfernur, rjómafernur og jóгурtfernur. For example milk, cream and yoghurt cartons. Tak jak opakowania po mleku, śmietanie i jogurtach.
Frágangur Finish / Odpady	Sett beint í tunnuna. Put directly into the bin. Wrzucać prosto do pojemnika.	Sett beint í tunnuna. Put directly into the bin. Wrzucać prosto do pojemnika.	Sett beint í tunnuna Put directly into the bin. Wrzucać prosto do pojemnika.	Skola þarf efnid og losa lok af dósun, má skila lausa eða í glærum pokum. Clean and remove lid if included. Put directly into the bin or in clear bags. Oplukać oraz zakrętki luzem, wyzucać bezpośrednio do pojemnika lub w przezroczystych workach.	Brúsar í lausu eða í glærum pokum. Put all plastics directly into the bin or in clear bags but plastic bags and film in clear bags. Pojemniki, butelki luzem lub w przezroczystych workach.	Skolaðar og samanbrótnar. Beverage ctins, clean & folded. Muszą być czyste i złożone razem.

Má ekki fara í tunnuna!

Not allowed to put in the bin!

Nie można wrzucać do pojemnika!



Ekki gler vegna slysa-hættu við flokkun!

No glass due to accident risk when sorting!

Uprzejmie prosimy nie wrzucać szkła do kosza sortowniczego z powodu niebezpieczeństwa podczas sortowania!



VERKEFNI SUMARSINS 2020

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps er að undirbúa lista þeirra verkefna sem farið verður í sumarið 2020. Á fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir viðhaldsverkefnum á húsnæði Valsárskóla og Álfaborgar auk þess sem gert var ráð fyrir að haldið yrði áfram gatnagerð við Bakkatún og í sumar yrði gata lögð að Bakkatúni nr. 17 og nr. 20. Síðustu daga hefur sveitarstjórn unnið að því að auka við þau verkefni sem þegar var búið að ákveða og er þá sérstaklega horft til þess að fjölga viðhaldsverkefnum. Sveitarstjórn fundar í þessari viku (16.04.2020) og eftir þann fund er gert ráð fyrir að listi verkefna verði birtur á heimasíðu sveitarfélagsins. Opnað verður fyrir umsóknir í Vinnuskólann í lok vikunnar og viðbúið að verkefni starfsmanna sumarsins verði mörg.



Ströndungur kemur næst út fimmtudaginn 14. maí.

Skilafrestur á efni er til kl. 15:00 þriðjudaginn 12. maí.